

Miðvikudaginn 11. október 1995.

Nr. 340/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1995.

Ár 1995, föstudaginn 6. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, Mánagötu 3, Grindavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum þess gæsluvarðhalds, sem rennur út 10. október nk. kl. 16.00, til þess er dómur gengur í málum hans, þó eigi lengur en til mánuðagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er kærði undir rökstuddum grun

um aðild að sautján innbrotspjófnuðum, frömdum á tímabilinu apríl til október á þessu ári, þar af þrettán í félagi við X. Verðmæti þeirra muna, sem stolið hefur verið, er umtalsvert, a. m. k. á fimmtu milljón króna. Kærði hefur ekki látið skipast við gæsluvarðhald það, sem hann sætti frá 19. til 29. ágúst sl., en brot þau, sem lágu til grundvallar því gæsluvarðhaldi yfir kærða, eru sams konar og hann er grunaður um, eftir að gæsluvarðhaldinu lauk. Þykir þannig rík ástæða til að ætla, að kærði muni, ef hann fer frjáls ferða sinna, halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið. Kærði var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals í júní sl. Þá hefur kærði í þriggja hlotið varðhaldsdóma fyrir brot gegn umferðarlögum, hinn síðasta í október 1993. Upplýst er, að kærði er fíkniefnaneytandi, sem fjármagnar neyslu sína meðal annars með innbrotum.

Að öllu þessu virtu þykja einnig vera skilyrði til að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður því kærða gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00.
